

Fundargerð 90. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, fimmtudaginn 19. júní kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Að auki sat fundinn Sigríður Vilhjálmsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Frumvarp um breytingar á lögum um veiðigjald - 2503003SU

Farið var yfir uppfærð gögn frá KPMG. Fundarmenn upplýstir um að enn hafi ekki fengist afhent nauðsynleg gögn frá ráðuneytinu svo unnt sé að leggja fullt mat á breytingatillögurnar.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir furðu sinni á tregðu stjórnvalda til að veita aðgang að lykildögnum sem varpa ljósi á raunveruleg áhrif frumvarps til laga um breytingu á veiðigjöldum en beiðni um upplýsingar frá Skattinum liggur fyrir frá samtökunum í atvinnuvegaráðuneytinu. Það er allra hagur að gögn og greiningar til að undirbyggja mat á áhrifum frumvarpsins á afkomu fyrirtækja og sveitarfélög landsins séu aðgengileg og að vandað sé til allra verka. Það er því bagalegt að samtökin hafi þurft að leita til milliliða til að nálgast gögn svo hægt sé að uppfæra greiningar á áhrifamati.

Fyrir liggur að grunnútreikningar Skattsins á hækkun veiðileyfagjalds leiða í ljós að fyrri útreikningar atvinnuvegaráðuneytisins á hækkun veiðileyfagjalds hafa verið verulega vanáætlaðir. Nær öll hækkunin leggst á landsbyggðirnar og með enn meiri þunga en áður var ætlað. Ekki aðeins er um að ræða hækkun á stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins heldur er ljóst að hækkunin nær til hundruða annarra fyrirtækja í íslenskum sjávarútvegi, einyrkja sem lítilla fjölskyldufyrirtækja. Verulegar líkur eru á að hækkun veiðigjalds leiði til aukinnar samþjöppunar fyrirtækja í sjávarútvegi og að starfsemi fiskvinnsla leggist af í ákveðnum byggðarlögum. Nauðsynlegt er því að gögn Skattsins verði gerð aðgengileg þannig að þingmenn og hagaðilar eins og sveitarfélög landsins, sem mörg hver byggja afkomu sína að verulegu leyti á íslenskum sjávarútvegi, geti metið bein og óbein áhrif frumvarpsins, s.s. á útsvarstekjur, tekjur vegna umsvifa í starfsemi hafna, stoðgreinar og nýsköpun.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir ánægju sinni með að atvinnuveganefnd Alþingis hafi unnið að jákvæðum breytingum á frumvarpinu sem varða hækkun svokallaðs frítekjumarks en ljóst er að vinna þarf málið betur

á grundvelli nýrra gagna, uppfæra greiningar og vinna víðtækara áhrifamat, m.a. fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög landsins í samræmi við sveitarstjórnarlög. Við blasir að nauðsynlegt er að taka frumvarpið aftur til meðferðar og bæta úr þeim annmörkum sem í ljós hafa komið. Samtökin lýsa enn yfir vilja sínum til að hækkan veiðileyfagjalda verði innleidd í þrepum.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga hvetur Alþingi og ríkisstjórn Íslands til að standa með almannahagsmunum og taka tillit til málefnaþegra athugasemda samtakanna.

2. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - ársreikningur 2024 - 2501002SU

Ársreikningur lagður fram til kynningar. Samkvæmt samþykktum félagsins ber stjórn að samþykkja ársreikninga samtakanna eftir að þeir hafa verið kynntir aðildarsveitarfélögum og yfirfarnir af skoðunarmönnum, en þeir eru síðan lagðir fram á næsta aðalfundi til staðfestingar.

Stjórn samþykkir að senda ársreikning til kynningar hjá aðildarsveitarfélögum. Verður ársreikningur lagður fram til samþykktar stjórnar á næsta fundi.

3. Fjármál samtakanna - 2312004SU

Upplýsingar um fjármál lagðar fram til kynningar.

Stjórn staðfestir ákvörðun sem tekin var af stjórn milli funda um að kalla eftir nauðsynlegri uppfærslu KPMG á þeirra greiningu.

4. Önnur mál - 2409001SU

Möguleg kynnisferð til Noregs rædd. Næstu skref varðandi slíka ferð verða til skoðunar í samráði við starfsmenn Sambandsins.

Fundi var slitið kl. 09:00